

Nd. 351. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 21. maí 1965, um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við 33. gr. laga nr. 51/1964 bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Nú eru bætur frá almannatryggingum yfir 40% af hreinum tekjum gjaldþegns, og skal þá við ákvörðun útsvarsskyldra tekna draga frá bótunum 10% fyrir hvern heilan hundraðshluta, sem bæturnar eru umfram 40 af hundraði af hreinum tekjum, þannig, að þegar bæturnar hafa náð 50% af tekjunum, skulu þær allar undanþegnar útsvarsálagningu.